



Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 24. maí 1938.**

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Halldóri Loftssyni verkamanni, til heimilis á Njálsgötu 49 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. janúar 1894, og hefir svo kunnugt sé í 80 skipti sætt sektum fyrir ölvun á almannafæri, þar af í 78 skipti frá árinu 1930 að því meðtöldu, en að öðru leyti hefir hann ekki sætt refsingum. Að kvöldi þess 18. þ. m. kl. um 8.25 var lögregluþjónn nr. 26 á gangi við gatnamót Austurstrætis og Pósthússtrætis og sá þá þar á ferð kærðan, er var mjög áberandi ölvaður. Gekk kærður austur yfir gatnamótin og slagaði eftir götunni, baðaði út höndunum og viðhafði söngl og hávaða.

Tók lögregluþjóninn kærðan með sér á lögregluvarðstofuna, og var hann síðan færður í varðhald. Taldi lögregluþjónninn ástand kærðs þannig, að algerlega væri óforsvaranlegt að láta hann vera á almannafæri.

Framanritað er tekið eftir skýrslu lögregluþjónsins, er kærður hefir játað rétta vera. Kærður hefir kannazt við að hafa drukkið brennivín og brennsluspiritus nefndan dag frá hádegi og hafa verið orðinn blindfullur um kvöldið.

Framanritaðan verknað kærðs ber að heimfæra undir 18. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. gr., 2. mgr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 1930, og þykir refsing hans með tilliti til hinna tíðu ölvunarbrota kærðs fyrirfarandi hæfilega ákveðin 500 kr. sekt til menningarsjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 50 daga.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Halldór Loftsson, greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms

þessa, ella komi í hennar stað einfalt fangelsi í 50 daga.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 14. október 1938.

Nr. 40/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

**John Gibb Souter** (Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Svo sem að er vikið í héraðsdóminum fól undirdómarinn, meðan á rannsókn málsins stóð, þáverandi forstöðumanni stýrimannaskólans í Reykjavík að marka á sjóuppdrátt staði varðskipsins „Ægir“ kl. 09.00, 09.10 og 09.21, miðunarlinur frá stöðum þessum til togara kærða og stað þann, þar sem togarinn var stöðvaður kl. 09.40, allt samkvæmt mælingum yfirmanna varðskipsins. Samkvæmt afmörkunum skjólastjórans liggja ofanefndar miðunarlinur innan landhelginnar á alllönngu svæði og staður togarans á miðunarlinunni kl. 09.21 er innan landhelgi, sé talið víst, að hann, þ. e. togarinn, hafi siglt í V.S.V. til tókustaðarins, eins og kærði staðhæfir, eða í S.V. eins og skipherra varðskipsins hermir eftir kærða, en í þessu sambandi er þess að geta, að skipherrann kveður því hafa verið veitt allgreinilega eftirtekt frá varðskipinu, þegar það nálgast togarann, að hann